

- 5a Ragnheiður Gunnarsdóttir f. í Rvík 2. sept. 1960. Stúdent frá M. R. 1980.
- 5b Jóhanna Gunnarsdóttir f. í Rvík 11. júní 1964.
- 21 Ástgerður Ágústa Sigfúsdóttir f. á Tjörn á Vatnsnesi 9. jan. 1864 d. í Rvík 30. maí 1932. Hún var óvenjulega mikil kona, fríð sýnum og gjörvileg. M. (29. okt. 1886) Sighvatur Kristján bankastjóri í Rvík f. þar 25. jan. 1859 d. þar 30. ágúst 1929 Bjarnason. For. Bjarni útgerðarmaður í Hlíðarhúsum í Rvík f. í Perney á Kollafirði 1828 d. í Rvík 16. júní 1876 Kristjánsson og k. h. (7. nóv. 1863) Þorbjörg f. á Melum á Kjalarnesi 26. okt. 1828 d. á heimili Sighvats sonar síns 99 ára að aldri 28. jan. 1928 Sighvatsdóttir. Sighvatur var skrifari Hilmars landshöfðingja Finsens 1874–1885 og dvaldist í Khöfn 1885–1886 til undirbúnings starfs síns við Landsbanka Íslands. Bankamaður og bókari Landsbankans 1886–1904, bankastjóri Íslandsbanka 1904–1921, umboðsmaður Nye Danske Brandforsikring lengi. Bæjarfulltrúi í Rvík 1900–1916, í niðurjöfnunarnefnd 1887–1893, lengi formaður styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna í Rvík. Átti margs konar hlutdeild í félagsskap og vann ýmis önnur trúnaðarstörf. Justitsráð að nafnbót 1907. (Hvem. II 177) Börn: Emilía, Þorbjörg, Ásta Sigríður, Bjarni, Sigríður, Ásta, Jakobína, Sigfús og Sigfús Pétur.
- 3a Emilia Sighvatsdóttir f. í Rvík 12. okt. 1887 d. 18. nóv. 1967. „Dugmikil greindarkona“ (Fhálsætt II 422). M. (10. maí 1913) Jón læknir f. á Breiðabólsstað í Vesturhópi 14. júní 1881 d. í Rvík 17. apríl 1937 Kristjánsson. For. Kristján bóndi í Víðidalstungu f. 23. febr. 1848 d. 18. jan. 1932 Jónsson og k. h. Gróa f. 6. jan. 1839 d. 15. maí 1907 Ólafsdóttir bónda, dbm. og alþm. á Sveinsstöðum f. 5. okt. 1811 d. 20. okt. 1873 Jónssonar prests í Steinnesi Péturssonar. K. séra Jóns: Elísabet Björnsdóttir frá Bólstaðarhlíð. (Bólsthlaett 71; Alþmtal 311; Læknatal 441). Jón varð stúdent frá Rvíkurháskóla 1904,